

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

3. fundur stjórnar starfstímabilið 2015-2017

Haldinn 2. nóvember 2015 í fundarherberginu Helgafelli Kaplakrika.

Mættir: Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Ingvar Kristinsson (Björk), Magnús Gunnarsson (Haukar), Karl Georg Klein (SH), Ólafur Ragnarsson (Fjörður), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Viðar Halldórsson (FH), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Sigurjón Andersen (KK), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir) og Hörður Þorsteinsson (BH). Forföll: Sigurður Gunnar Sigurðsson (AÍH), Anders Már Þráinsson (SÍH), Þórarinn Sófússon (GSE), Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH) og Þórunn Ansnes (Sörli).

Dagskrá:

- 1. Kynning á endurskoðun þjónustu- og rekstrarsamninga við íþróttahreyfinguna**
Almennar umræður um endurskoðun þjónustu- og rekstrarsamninga. Drög að þjónustusamningi fyrir aðildarfélög ÍBH frá Hafnarfjarðarbæ frá 30. október sl kynnt. Framkvæmdastjórn ÍBH falið að vinna tillögu fyrir Hafnarfjarðarbæ þar sem iðkendafjöldi í hverjum flokki í reiknilíkani er lækkaður og fleiri félög fái starfsmenn. Næsti framkvæmdastjórnarfundur verður föstudaginn 6. nóvember kl. 15.00.
- 2. Staðan á 70 ára söguritun ÍBH**
Jóhann Guðni Reynisson hefur tekið 70 ára sögu ÍBH saman og skilað inn texta til skrifstofu ÍBH. Framkvæmdastjóri ÍBH og tveir aðrir aðilar byrja á því að lesa textann yfir og senda Jóhanni ábendingar um leiðréttingar ef þurfa þykir. Eftir það verður textinn settur á heimasíðu ÍBH þar sem allir hafa tök á því að lesa textann og koma með ábendingar um leiðréttingar til Jóhanns. Næsta skref verður að safna myndefni frá aðildarfélögum ÍBH og almenningi.
- 3. Nýjar iðkendatölur varðandi skiptingu lottótekna frá Íslenskri Getspá**
Teknar úr Felixkerfinu 30. október sl. Heildarfjöldi 16 ára og yngri er 7133 og heildarfjöldi 17 ára og eldri er 5591, samtals 12724 iðkanir. Fulltrúar félaganna fóru yfir tölur síns félags, engar athugasemdir gerðar. Tölurnar samþykktar. Næsta skipting tekna frá Íslenskri Getspá verður reiknuð út frá þessum tölum.
- 4. Íslykill og Nórákerfið**
Aðildarfélagunum bent á vefsíðuna skra.is sem inniheldur upplýsingar um Íslykilinn og tengilið sem getur sett Íslykilinn upp á innskráningarsíðu Nórákerfisins hjá viðkomandi félagi. Ef íþróttafélög í Hafnarfirði vilja gefa iðkendum sem eru búsettir í nágrennasveitarfélögum kost á því að ráðstafa frístundastyrk sínum til lækkunar á æfingagjöldum hjá félaginu, þá þurfa þau að setja Íslykilinn upp á innskráningarsíðu félagsins. ÍBH hefur látið setja Íslykilinn upp á innskráningarsíðuna sína.
- 5. Gögn sem ÍBH hefur borist:**
 - a). Bréf frá Fimleikasambandi Íslands um málþing um mikilvægi þjálfunar eftir miðjan aldur laugardaginn 31. október 2015 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík.
 - b). Bréf frá ÍSÍ um formannafund ÍSÍ fyrrafundarboð sem verður haldinn 27. nóvember nk í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.
- 6. Önnur mál.**
 - a). BH spurði hvort einhver gögn væru komin frá Capacent eftir fundinn 8. október sl. Ekkert er komið til skrifstofu ÍBH ennþá.
 - b). Fundarmenn minntir á jólafund ÍBH föstudaginn 4. desember nk. Fundur kl. 18.15 og síðan matur um áttaleytið þar sem mökum er einnig boðið. Nánari upplýsingar um jólafundinn verða sendar til stjórnar ÍBH síðar.
 - c). Viðar Halldórsson formaður FH sýndi fundarmönnum frjálssíþróttahús Kaplakrika, Dverginn og Risann í lok fundarins.

Fleira ekki gert.
Fundur hófst kl. 17.15 og lauk kl. 18.20.
Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.